



Ársskýrsla 2007

Lífeyrissjóður verkfræðinga

Efnisyfirlit

Ársskýrsla

Ávarp stjórnarformanns.....	1
Ávöxtun.....	3
Iðgjöld og lífeyrir.....	4
Fjárfestingar ársins og verðbréfaeign í árslok.....	5
Fjárfestingarstefna.....	6
Sjóðfélagalán.....	7
Innri málefni sjóðsins og sérstaða.....	8
Séreignardeild.....	9
Stjórn og starfsmenn.....	10

Ársreikningur

Áritun endurskoðenda.....	12
Áritun og skýrsla stjórnar.....	13
Yfirlit um breytingu á hreinni eign.....	15
Efnahagsreikningur	16
Sjóðstreymi.....	17
Skýringar.....	18
Deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign.....	24
Deildaskiptur efnahagsreikningur	25
Deildaskipt sjóðstreymi.....	26
Kennitölur samtryggingardeildar.....	28
Kennitölur séreignardeilda 1.....	29
Kennitölur séreignardeilda 2.....	30

Lífeyrissjóður verkfræðinga

Engjateigi 9, 105 Reykjavík

Kennitala: 430269-4299

Sími: 568 8504 - Fax: 568 8834

Netfang: lifsverk@lifsverk.is

Heimasíða: www.lifsverk.is

Umsjón: Guðmundur V. Friðjónsson

Prentun: Leturprent

Ávarp stjórnarformanns

Árið 2007 einkenndist starfsemi Lífeyrissjóðs verkfræðinga af sviptingum, bæði í ávöxtun og réttindamálefnum sjóðfélaga.

Á fyrri hluta ársins hækkuðu íslensk hlutabréf um rúmlega 40% og erlend hlutabréf um tæp 10%. Þótt íslensk skuldabréf hafi á sama tíma heldur lækkað í verði var þess vænst að sú þróun myndi snúast við síðar á árinu. Því var á miðju sumri útlit fyrir gott ár í ávöxtun sjóðsins. En skjótt skipast veður í lofti.

Á miðju ári 2007 hófst mesta niðursveifla á íslenskum hlutabréfamarkaði frá því að farið var að reikna út hlutabréfavisitölur hans. Upphaf hennar má rekja til sviptinga á erlendum hlutabréfamörkuðum eftir að bera tók á afskriftum vegna svonefndra undirmáslána til húsnæðis-kaupenda í Bandaríkjunum. Framan af voru lækkanir á íslenska markaðnum svipaðar því sem gerðist erlendis en þegar bera fór á lánsfjárskort og fjármögnun íslenskra banka varð sífellt dýrari lækkuðu hlutabréfin sífellt meira og hafði úrvalsvísitalan í árslok lækkað um 30% frá hæsta gildi ársins þann 18. júlí. Lækkun úrvalsvísitölunnar innan ársins var þó einungis 1,4%. Erlend hlutabréf lækkuðu mun minna á seinni hluta ársins, eða um rúm 6% frá hæsta gildi heimsvísitölunnar.

Krónan sveiflaðist einnig mikið innan ársins. Þannig styrktist hún um tæp 15% frá ársbyrjun til 24. júlí en lækkaði síðan aftur um nærri 9% til áramóta. Innan ársins styrktist krónan því um rúm 7% og leiddi það til þess að heildarávöxtun erlendra hlutabréfa sjóðsins varð neikvæð.

Vextir á innlendum skuldabréfamarkaði hækkuðu lengst af ársins en lækkuðu síðan skart síðustu vikurnar. Ávöxtun markaðsskuldabréfa á árinu varð þó á endanum jákvæð, þótt rýr væri annað árið í röð.

Öll ofangreind þróun var andstæð við það sem spáð hafði verið í upphafi ársins. Eftir á að hyggja sýnist augljóst að mikil hækkun íslenskra hlutabréfa á fyrri hluta ársins, svo og styrking krónunnar, hafi byggst á óraunhæfri bjartsýni og að litid hafi verið framhjá ýmsum varnaðarmerkjum.

Raunávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins varð neikvæð um 0,7% og hefur ekki orðið lægri síðan á niðursveifluárunum 2000-2002. Séreignardeildirnar komu betur út. Séreignarleið 1 sem fjárfest er eingöngu í íslenskum skuldabréfum skilaði 2,8% raunávöxtun en séreignarleið 2 sem fjárfestir í blönduðu safni íslenskra skuldabréfa og íslenskra og erlendra hlutabréfa náði 2,3% raunávöxtun, sem verður að teljast gott miðað við að 60% af eignum safnsins eiga að vera í hlutabréfum.

Um langt skeið hafa eldri sjóðfélagar verið ósáttir við réttindi sín hjá sjóðnum og hafa m.a. tvívegis farið í mál við sjóðinn sem endað hafa með dómi í Hæstarétti. Þetta hefur verið erfitt fyrir sjóðinn þar sem mikill tími hefur farið í dómsmálin og þau hafa haft neikvæð áhrif á ímynd sjóðsins – og þar með veikt möguleika hans á að fjölga sjóðfélögum. Stjórn sjóðsins hefur á undanförunum misserum leitast við að finna lausn á þessum deilum og ákvað í byrjun síðasta árs að leggja fram sáttatillögu í von um að þannig tækist að binda enda á deilurnar.

Á aðalfundi sjóðsins í mars 2007 lagði stjórn fram tillögu um að bætt yrði nýrri grein 19.6 í samþykktir sjóðsins sem fól í sér að hækka lífeyri þeirra sem höfðu greitt iðgjöld til sjóðsins fyrstu áratuginna fram til 1990, áður en verðtrygging réttinda var tekin upp. Lágmarksréttindi yrðu aukin úr 80% í 90% af því sem full verðtrygging hefði veitt, miðað við stöðuna í árslok 2000. Sú hækkun sem þannig fengist kæmi til framkvæmda frá 1. júlí 2007 og því yrði ekki greitt aukalega fyrir tímabilið frá 1. júlí 2000 til 1. janúar 1990, hækkaði síðan í 90% árið 1996 en lækkaði að nýju í 80% 1. júlí 2000.

Tillagan um hækkunina var samþykkt á aðalfundinum með 43 atkvæðum gegn 15. Í kjölfarið fóru 47 sjóðfélagar fram á að boðað yrði til aukaaðalfundar til að fjalla um málið og var hann haldinn 22. maí 2007. Þar var samþykkt með 157 atkvæðum gegn 108 að leggja til við stjórn að fella grein 19.6 úr gildi. Stjórnin boðaði því að nýju til aukaaðalfundar 3. september 2007 þar sem fram var lögð formleg tillaga um að fella grein 19.6 úr gildi.

Ávarp stjórnarformanns

Sú tillaga var felld með 150 atkvæðum gegn 109. Grein 19.6 stóð því óbreytt. Að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins staðfesti fjármálaráðuneytið síðan samþykktabreytingarnar 19. desember 2007. Hafa réttindi nú verið aukin og lífeyrir hækkaður í samræmi við ákvæði greinar 19.6.

Afgreiðsla þessarar tillögu tók mun lengri tíma og deilur um hana urðu mun meiri en stjórn sjóðsins hafði átt von á. Eldri félagar lýstu yfir að þeir myndu láta af málarekstri ef tillagan fengist samþykkt, en úr röðum yngri sjóðfélaga kom hörð gagnrýni á tillöguna og málsmeðferðina. Tillagan var viðleitni stjórnar til að ná sátt innan sjóðsins eftir áralangar deilur við eldri sjóðfélaga. Það er von stjórnarmanna að almenn sátt náist um þessar málalýktir þegar fram líða stundir.

Sjóðfélögum fjölgaði mikið á síðasta ári. Alls sóttu 248 manns um inngöngu í sjóðinn og 240 þeirra hófu að greiða iðgjöld á árinu. Gert hefur verið átak í að kynna sjóðinn meðal þeirra sem eru að útskrifast úr háskólum og geta orðið sjóðfélagar og á það sinn þátt í fjölguninni.

Í ársbyrjun 2008 tóku gildi breytingar á lánareglum sjóðsins. Sjóðfélagar sem tekið hafa lán eftir þann tíma þurfa að greiða tiltekna lágmarksfjárhæð iðgjalda á hverju ári til að halda þeim lágu vöxtum sem lánin bera, ella getur sjóðurinn krafist uppgreiðslu á lánunum eða hækkað vextina. Með þessu vill sjóðsstjórnin leggja áherslu á að lánin eru ætluð virkum sjóðfélögum sem greiða iðgjöld til sjóðsins af launatekjum. Jafnframt hefur verið aukið eftirlit með því að sjóðfélagar sem eru með eldri lán standi við skuldbindingar sínar um að greiða iðgjöld til sjóðsins.

Hér að framan var sagt að sviptingar hefðu einkennt starfsemi sjóðsins á liðnu ári. Vonandi færast sem fyrst ró yfir á þeim sviðum sem þá voru mest krefjandi. En það merkir ekki að um kyrrstöðu verði að ræða. Sífelld þarf að vera vakandi fyrir því að laga rekstur og starfshætti sjóðsins að breyttu umhverfi. Að undanfögnu hefur stjórnin einkum beint sjónum að fjárfestingaferlinu. Á næstunni kunna aðrir rekstrarþættir að koma til endurskoðunar. Krafan um hagkvæmni, góða þjónustu og stöðugleika í rekstri á alltaf að vera uppi.

Sigurður Áss Grétarsson
formaður stjórnar

Ávöxtun og tryggingafræðileg staða

Árið 2007 var slakt í ávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins. Fjárfestingartekjur voru jákvæðar um 1.501 milljón króna (mkr.) en voru 3.815 mkr. á árinu 2006. Mest skiluðu innlend og erlend skuldabréf en greiðslum af erlendum skuldabréfum er að jafnaði skipt yfir í íslenskar krónur með skiptasamningi. Innlend hlutabréf, sem gefið hafa hvað mesta ávöxtun undanfarin ár, skiluðu neikvæðri ávöxtun eftir að hafa lækkað verulega í verði frá miðju ári. Það skiptust á skin og skúrir á fjármálamörkuðum á árinu. Framan af ári hækkuðu innlend hlutabréf verulega í verði og náði hámarki í júlí, en á sama tíma hækkaði ávöxtunarkrafa innlendra skuldabréfa og skilaði slakri ávöxtun á markaðsskuldabréfum. Á miðju ári tóku hlutabréf að lækka vegna fjármálakreppu sem átti upptök sín í húsnaðislánum í Bandaríkjunum. Krafa innlendra skuldabréfa lækkaði svo verulega undir lok ársins sem skilaði þokkalegri ávöxtun á skuldabréfum.

Innlend og erlend skuldabréf skiluðu 12,5% ávöxtun á árinu en sjóðfélagalán skiluðu 10,1% eða 3,8% raunávöxtun. Sérniðnar fjárfestingar, sem eru vogunarsjóðir, framtakssjóðir og millilagslán, skiluðu 7,8% ávöxtun þrátt fyrir að krónan hafi styrkst um 7,3%. Hlutabréfatengd skuldabréf skiluðu 5,4% ávöxtun. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var neikvæð um 1,8% og erlendra hlutabréfa og verðbrefasjóða um 3,7%.

Nafnávöxtun samtryggingardeildar var 5,1% á árinu 2007 og hrein raunávöxtun því neikvæð um 0,7%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár er 7,0%. Hrein eign til greiðslu lífeyris var 28.634 mkr. í árslok.

Tryggingafræðilega staða sjóðsins í árslok var neikvæð um 0,9% en var jákvæð í árslok 2006 um 3,7%. Breytingin á milli ára skýrist aðallega af tvennu. Annars vegar var öllum sjóðfélögum úthlutað hagnaði sem nam 5,31% og að auki var eldri sjóðfélögum úthlutað auknum réttindum fyrir um 300 mkr. Hins vegar var raunávöxtun sjóðsins neikvæð um 0,7% en réttindakerfi sjóðsins gerir ráð fyrir 3,5% raunávöxtun.


Staða áfallinna skuldbindinga var neikvæð um 1.094 mkr. eða -3,7% af áföllnum skuldbindingum. Tryggingafræðileg staða vegna væntra framtíðar-iðgjalda var hins vegar jákvæð um 561 mkr. eða 1,9% af framtíðarskuldbindingum. Samanlagt er tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 533 mkr. eða sem nemur -0,9% af heildarskuldbindingum.

Tryggingafræðileg staða samtryggingardeildar 31.12. 2007

Í milljónum króna


	Áfallið	Framtíð	Heild
Eignir.....	28.781	30.137	58.918
Skuldbinding.	(29.875)	(29.576)	(59.452)
Eign-skuldb...	(1.094)	561	(533)
% af skuldb...	-3,7%	1,9%	-0,9%

Hrein raunávöxtun



Hrein eign til greiðslu lífeyris

Í milljónum króna



Iðgjöld og lífeyrir

Iðgjöld til samtryggingardeildar hafa vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Á árinu 2007 námu heildariðgjöld til samtryggingardeildar 1.769 mkr. sem var 7,2% aukning frá fyrra ári. Aukning iðgjalda var heldur minni í ár en undanfarin ár og skýrist það af því að ekki er lengur áætlað fyrir óinnheimtum iðgjöldum í árslok eins og gert hefur verið undanfarin ár. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga hefur einnig vaxið stöðugt síðustu ár. Alls fjölgaði virkum sjóðfélögum um 137 á síðasta ári og voru þeir 2.406 í árslok.


Þegar litið er til stærðar sjóðsins þá er fjöldi sjóðfélaga ekki góður mælikvarði í samanburði við aðra sjóði. Í raun mætti margfalda fjöldann með tveimur þar sem meðallaun eru mjög há.

Lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega samtryggingardeildar námu 266 mkr. á síðasta ári og var það aukning um 20,6% frá fyrra ári. Greiðslubyrði sjóðsins er enn nokkuð lág miðað við aðra sjóði eða tæp 15% af iðgjöldum. Það stafar einkum af tvennu, annars vegar helst meðalaldur sjóðfélaga nokkuð lágur vegna nýliðunar og hins vegar er örorkubyrði sjóðsins verulega minni en almennt gerist. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 194 á árinu og fjölgaði þeim um 13 frá fyrra ári.


Lífeyrisgreiðslur skiptust þannig að greiðslur til ellilífeyrisþega voru 78,1% af heildar lífeyrisgreiðslum, örorkulífeyrir var 7,3%, maka-lífeyrir 12,5% og barnalífeyrir var 2%.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga er sá fjöldi sem greiðir iðgjöld að jafnaði allt árið. Á árinu 2007 var meðalfjöldi virkra sjóðfélaga 2.406, þar af 1.984 karlar og 422 konur. Hlutfall kvenna í sjóðnum hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Árið 2001 var hlutfall kvenna 13,3% af meðalfjölda sjóðfélaga en var komið upp í 17,5% árið 2007. Alls greiddu 2.752 sjóðfélagar iðgjöld í sjóðinn á árinu og 3.276 áttu réttindi í sjóðnum í árslok.


Meðalfjöldi sjóðfélaga
Eftir kynjum



Iðgjöld
Í milljónum króna



Lífeyrisgreiðslur
Í milljónum króna



Fjárfestingar ársins og verðbréfaeign í árslok

Fjárfestingar ársins

Fjárfestingarþörf sjóðsins var um 4.000 mkr. á síðasta ári. Þá eru ekki talin með kaup og sala eignastýringaraðila heldur aðeins nýir fjármunir í formi iðgjalda, afborgana og vaxta af skuldabréfum sem ekki voru í stýringu, að frádregnum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði.

Af nýjum fjármunum var fjárfest mest í innlendum skuldabréfum eða fyrir 1.880 mkr. eða um 53% af heildar fjárfestingum sjóðsins. Þessi eignaflokkur skilaði bestu ávöxtun á síðasta ári eða 12,6% nafnávöxtun. Af nýjum fjármunum fór 975 mkr. í sjóðfélagalán, 324 mkr. í innlend hlutabréf, 298 í erlend hlutabréf, 304 mkr. í sérsniðnar fjárfestingar, 104 mkr. í hlutabréfatengd skuldabréf og bankareikningar hækkuðu um 44 mkr. Þessi þróun er sýnd á rauðum súlum á mynd hér að neðan.


Bláu súlurnar sýna sömu hreyfingar að viðbættum tilfærslum á fjármunum á milli eignaflokka. Seld voru innlend skuldabréf og andvirðið notað til að kaupa innlend hlutabréf og einnig var gerð upp neikvæð staða á gjaldmiðlavörnum fyrir 355 mkr. sem flokkuð er með erlendum hlutabréfum. Neikvæð staða á gjaldmiðlavörnum var frá árinu 2006 en það ár hagnaðist sjóðurinn verulega á erlendum eignum m.a. vegna lækkunar á gengi krónunnar. Á árinu 2007 styrktist krónan hins vegar um 7,3% og var afkoma af gjaldmiðlasamningum jákvæð um 135 mkr.

Verðbréfaeign í árslok


Alls nam verðbréfaeign samtryggingardeildar að viðbættum bankainnstæðum 28,5 milljörðum króna í lok síðasta árs. Verðbréfasamsetning sjóðsins var í meginatriðum í takt við fjárfestingarstefnu sjóðsins en í stefnunni er gert ráð fyrir allt að +/-5% fráviki í einstökum eignaflokkum. Innlend skuldabréf voru heldur hærri en stefna sagði til um en það skýrist af því að áhersla var lögð á kaup á innlendum skuldabréfum með hári kröfu á síðasta ári. Erend hlutabréf voru lægri en stefnan sagði til um og hlutabréfatengd skuldabréf einnig. Stafar það einkum af lækkunum á erlendum mörkuðum og styrkingu á gengi krónunnar á árinu.

Bankainnstæður voru 0,7% af eignum sjóðsins í lok ársins. Sjóðfélagalán voru 18,4%, innlend skuldabréf voru 25,8% og hlutabréfatengd skuldabréf 5,9%. Innlend hlutabréf námu 16,2% af heildarverðbréfaeign sjóðsins í árslok, erlend skuldabréf 6,0% og erlend hlutabréf 23,6%. Sérsniðnar fjárfestingar, sem eru fjárfestingar í framtakssjóðum, vögunarsjóðum og millilagsskuldabréfum, námu 3,4% af verðbréfaeign sjóðsins í árslok.

Nýjar fjárfestingar 2007



Verðbréfaeign í árslok 2007



Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2008 er sem hér segir:

- Bankareikningar..... 1%
- Sjóðfélagalán..... 18%
- Innlend skuldabréf..... 25%
- Hlutabréfatengd skuldabréf.... 7%
- Innlend hlutabréf..... 17%
- Erlend skuldabréf..... 6%
- Erlend hlutabréf..... 22%
- Sérniðnar fjárfestingar 5%

Helstu áherslubreytingar frá síðasta ári eru þær að aukið er vægi innlendra hluta- og skuldabréfa, nokkuð er dregið úr vægi erlendra hlutabréfa en á móti er vægi sérniðinna fjárfestinga aukið og heldur er dregið úr erlendum skuldabréfum og hlutabréfatengdum skuldabréfum. Erfitt er að ráða í þróun sjóðfélagalána en þau jukust verulega á síðasta ári og voru 18,4% í árslok. Skýrist það einkum af því að fjárhæð sjóðfélagalána var hækkuð um 50% á síðasta ári og að auki var biðtími eftir lánum, þ.e. lágmarkstímabil iðgjalda-greiðslna, stytur verulega.

Vikmörk hvers verðbréfaflokks eru yfirleitt um 5% í hvora átt. Fjárfestingarstefnan skal rúmast innan ákvæða 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða um hámark fjárfestingar í einstökum tegundum eða flokkum verðbréfa eða bréfum útgefnum af sama útgefanda.

Safnið skiptist í tvo meginhluta eftir seljanleika á markaði:

1) Auðseljanleg markaðsverðbréf sem eru skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði. Markaðsskuldabréf eru færð á framreiknaðri kaupkröfu en önnur markaðsverðbréf eru færð á markaðsvirði í bókum sjóðsins. Öllum þessum bréfum er skipað í eignasöfn eftir verðbréfaflokkum. Sjóðurinn hefur samið við innlend og erlend fjármálafyrirtæki um stýringu safnanna. Innlendar og erlendar verðbréfavísitölur eru notaðar sem viðmiðun og stefnt er að því að flókt ávöxtunar safnanna sé áþekkt og viðmiðunarvísitalna.


2) Verðbréf sem lítil eða engin viðskipti eru með á markaði, annaðhvort vegna þess að þau eru ekki skráð eða að eftirmarkaður hefur ekki myndast. Þessi verðbréf eru í vörslu sjóðsins. Þau eru færð á framreiknuðu kaupverði eða nafnverði í bókum sjóðsins. Að langstærstum hluta er um að ræða skuldabréf og er almennt reiknað með því að eiga þau fram að gjalddaga. Einu hlutabréfin í þessum flokki eru bréf hlutafélaga sem sinna þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðinn. Ekki er tekið mið af vísitölum við greiningu á ávöxtun bréfanna og eðli málsins samkvæmt er lítið eða ekkert flókt í ávöxtun þeirra bréfa sem ekki hafa skráð markaðsvirði.

Sjóðurinn hefur ekki sett sérstakt markmið um fjárfestingar í erlendum gjaldmiðlum og mega þær því fara upp að leyfilegu hámarki að lögum, þ.e. 50% af heildareignum í upphafi árs, ef þær þjóna að öðru leyti markmiðum sjóðsins. Sjóðurinn hefur á hinn bóginn samið við tvo íslenska banka um ráðgjöf og aðgerðir til að draga úr áhættu af gjaldmiðlaþætti erlendra eigna.

Stjórnendur sjóðsins sjá um eignastýringu með vísitöluafurðum, þar sem aðallega er horft til breytinga á gengi krónunnar og þróunar á innlendum hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði.

Stjórn sjóðsins hefur tekið virkan þátt í mótun og framkvæmd fjárfestingarstefnu sjóðsins. Sérstakur fjárfestingarfundur var haldinn með stjórn og varastjórn á síðasta ári, til viðbótar við almenna stjórnarfundi. Formaður og varaformaður stjórnar, framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sjóðsins sitja í fjárfestingarráði sem kemur saman reglulega til þess að fara yfir fjárfestingarmál.

Fjárfestingarstefna 2008



Sjóðfélagalán

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) sér um afgreiðslu nýrra sjóðfélagalána fyrir Lífeyrissjóð verkfræðinga. SPRON lánar til sjóðfélaga og sjóðurinn fjármagnar lánveitinguna með því að greiða lánsfjárhæðina inn á bankareikning í SPRON. Ný sjóðfélagalán flokkast því með bankainnstæðum í ársreikningi sjóðsins.

Með samstarfinu við SPRON opnuðust nýir möguleikar til fjármögnunar íbúðarhúsnæðis fyrir sjóðfélaga. Auk þess að taka hámarks sjóðfélagalán, á 3,5% vöxtum, geta sjóðfélagar tekið íbúðarlán hjá SPRON á þeim kjörum sem SPRON býður. Þessir tveir kostir saman lækka meðalvaxtakostnað umtalsvert. Saman geta bæði lánin verið allt að 75% af virði eignar.

Útlán til sjóðfélaga jukust verulega á síðasta ári. SPRON afgreiddi 202 ný sjóðfélagalán fyrir um 1.095 mkr. Til samanburðar voru afgreidd 118 lán á árinu 2006 fyrir um 320 mkr. Ástæður aukningarinnar eru þær að hámarkslánsfjárhæðin var hækkuð um 50% í apríl 2007 úr 4,8 mkr í 7,2 mkr. og að auki var biðtími eftir lánnum, þ.e. lágmarkstímabil iðgjaldagreiðslna, stytur verulega. Einnig hækkuðu almenn kjör húsnæðislána sem jök ásókn í sjóðfélagalán á 3,5% vöxtum. Heildarfjárhæð sjóðfélagalána var 5.288 mkr. í árslok 2007. Þar af voru eldri lán 3.816 mkr. og lán hjá SPRON 1.472 mkr. Sjóðfélagalán jukust á síðasta ári í hlutfalli við hreina eign sjóðsins og voru í árslok 2007 18,5%.

Lánareglur sjóðsins

Sjóðfélagar öðlast lánsrétt eftir að hafa greitt iðgjöld til sjóðsins í 12 mánuði og vera í skilum með iðgjöld.


Hámarkslán í apríl 2008 er kr. 7.931 þús. og breytist lánsfjárhæðin í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Hver sjóðfélagi á rétt á einu láni en getur þó tekið hluta lánsfjárhæðar og geymt þannig hluta lánsréttar til síðari tíma.

Lánstími er að hámarki 25 ár og eru vextir breytilegir, nú 3,5% en stjórn sjóðsins er heimilt að hækka vextina í 5%. Lán er bundið sjóðfélaganum og getur hann ekki selt það frá sér með fasteign. Hætti sjóðfélagi að greiða iðgjald til sjóðsins eða greiði minna iðgjald til sjóðsins en kr. 300.000 á ári án þess að þiggja lífeyri frá sjóðnum, er sjóðnum heimilt að hækka vextina í 5%.


Sjóðfélagalánin eru tryggð með veði í fasteign og þurfa þau að rúmast innan 65% af markaðsvirði viðkomandi fasteignar og jafnframt er nauðsynlegt að brunabótamat eignarinnar sé herra en eftirstöðvar áhvílandi lána.

Lántökugjald er 1%. Stimpilgjald er 1,5% sem rennur í ríkissjóð. Sjóðfélagar greiða allan kostnað vegna innheimtu, veðflutnings, veðleyfis og annarrar skjalagerðar.

Ný sjóðfélagalán
Í milljónum króna



Fjárhæð sjóðfélagalána
Í milljónum króna



Innri málefni og sérstaða

Innri málefni sjóðsins

Lífeyrissjóður verkfræðinga hóf að skrá inn allar verðbréfahefingar, vegna eigin verðbréfa-umsýslu og umsýslu fjárvörslu- og eignarstýringaraðila, fyrir um þremur árum. Að auki hafa innri ferlar sjóðsins verið endurskoðaðir og bættir. Þessar breytingar hafa aukið gæði og skilvirkni í bókhaldi sjóðsins þannig að ársreikningur er tilbúinn mun fyrr en áður. Gengi séreignardeilda er reiknað vikulega og fjárfestingar fyrir séreignardeildir eru framkvæmdar einu sinni í viku. Einnig er eftirlit með fjárvörsluáðilum mun skilvirkara nú en áður.

Sjóðurinn hefur lokið við gerð innri eftirlitshandbókar sem inniheldur lýsingar á helstu verkferlum sjóðsins, skipuriti, starfslýsingum o.fl. Einnig er í vinnslu handbók með lýsingum á verkferlum allra starfsmanna. Að auki er í vinnslu öryggishandbók með lýsingum á helstu öryggisþáttum sjóðsins, hvernig bregðast skuli við hættum og hvernig farið skuli með persónuupplýsingar. Öryggishandbókin er skrifuð eftir tilmælum FME og Persónuverndar.

Fjárfestingar sjóðsins eru stöðugt í endurskoðun. Um 40% af verðbréfaeign sjóðsins eru í stýringu hjá innlendum og erlendum eignastýringarfyrirtækjum. Nýfjárfestingaþörf sjóðsins er um 3,5 milljarðar á ári en það eru iðgjaldgreiðslur, afborganir og vaxtagreiðslur af skuldabréfum að frádregnum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði sjóðsins. Þessum fjármunum er stýrt hjá sjóðnum samkvæmt fjárfestingarstefnu. Formaður og varaformaður stjórnar sjóðsins, framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitja í fjárfestingarráði sem kemur saman reglulega og ræðir fjárfestingarmál.

Lífeyrissjóður verkfræðinga var stofnaður haustið 1954. Í samanburði við aðra lífeyrissjóði hefur sjóðurinn nokkra sérstöðu.

Aldurstengt réttindakerfi

Sjóðurinn hefur notað aldurstengt réttindakerfi frá upphafi og var lengst af eini sjóðurinn sem notaði það. Á síðustu misserum hafa nær allir lífeyrissjóðir tekið það upp.

Sjóðfélagalýðræði

Sjóðfélagar kjósa stjórn sjóðsins. Allir sjóðfélagar sem mæta á aðalfund hafa atkvæðisrétt og allir sjóðfélagar eru kjörgengir. Í flestum öðrum sjóðum tilnefna vinnuveitendur helming stjórnarmanna en stéttarfélag kjósa eða tilnefna hinn helminginn.

Lágir lánavextir

Frá upphafi hefur sjóðurinn veitt sjóðfélögum hagstæð húsnæðislán. Í rúm 20 ár hefur sjóðurinn veitt sjóðfélögum veðlán með 3,5% raunvöxtum.

Ákjósanlegur sjóðfélagahópur

Sjóðfélagahópur sjóðsins er ákjósanlega samsettur, sérstaklega hvað varðar örorkulíkur, og ætti það að skila sér til lengdar í auknum hagnaði sem úthlutað er til sjóðfélaga í formi aukinna réttinda.

Góð menntun

Sjóðfélagar eru háskólamenntaðir og vinna að mestu leyti störf sem reyna fremur á huga en hönd, með minni slysaþættu og mun minna líkamlegu sliti en almennt gerist. Örorkulíkur eru með því lægsta sem gerist meðal lífeyrissjóða.

Góð laun

Sjóðfélagar eru almennt vel launaðir og stunda eftirsóknarverð störf. Hvatinn er því mikill að fara að nýju út á vinnumarkaðinn eftir að þeir hafa orðið fyrir tímabundinni skerðingu á starfsgetu.

Séreignardeildir

Lífeyrissjóður verkfræðinga býður tvær leiðir í séreignarsparnaði. Önnur fjárfestir eingöngu í innlendum skuldabréfum. Hin fjárfestir bæði í innlendum og erlendum hlutabréfum og skuldabréfum. Báðar leiðirnar eru í stýringu hjá SPRON verðbréfum og er einungis fjárfest í verðbréfasjóðum SPRON.

Í janúar 2006 hóf sjóðurinn að ráðstafa þeim hluta samtryggingariðgjalda sem er umfram 10% í séreignarsparnað sjóðfélaga. Þessi aðgerð var kynnt sjóðfélögum ítarlega í fréttabréfi sjóðsins. Sjóðfélögum var gefinn kostur á því að breyta þeirri stýringu til baka í samtryggingardeild eða í séreignarleið 2. Í janúar 2007 hækkaði mótframlag atvinnurekenda almennt og þar með hækkaði umframframlagið sem ráðstafað er í séreignarsparnað.

Sparnaðarleið 1

Fjárfest er í íslenskum skuldabréfum traustra fyrirtækja, fjármálastofnana, sveitarfélaga eða með ábyrgð ríkissjóðs, einkum verðtryggðum, en hlutfall óverðtryggðra eigna ræðst af vaxtastigi og verðbólguhorfum. Í árslok 2007 var samsetning sjóðsins þannig að 57% var í stuttum skuldabréfasjóði, 25% í löngum skuldabréfasjóði, 13% í ríkisskuldabréfum og 6% í peningamarkaðssjóði.


Nafnávöxtun séreignarleiðar 1 var 8,9% á árinu 2007, en hrein raunávöxtun var 2,8%. Lífeyrisgreiðslur námu 9,3 mkr. og hrein eign til greiðslu lífeyris var 1.950 mkr. í árslok.

Séreignarleið 2


Fjárfest er í innlendum og erlendum hluta- og skuldabréfum. Hlutfall hlutabréfa er á bilinu 30%-60% samkvæmt fjárfestingarstefnu. Innlend skuldabréf eru valin með sama hætti og í leið 1. Innlend hlutabréf eru í safni sem leitast við að fylgja Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar. Erlend hluta- og skuldabréf eru í dreifðum eignasöfnum með það að markmiði að draga úr áhættu sem fylgir ákveðnum landsvæðum eða atvinnugreinum. Í árslok 2007 var samsetning sjóðsins þannig: 50% innlend skuldabréf, 24% innlend hlutabréf og 26% erlend hlutabréf.

Nafnávöxtun séreignarleiðar 2 var 8,3% á árinu 2007 og hrein raunávöxtun var 2,3%. Iðgjöld námu 59 mkr. en ekkert var greitt í lífeyri. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 100 mkr.

Hrein raunávöxtun



Hrein eign til greiðslu lífeyris
Í milljónum króna



Stjórn og starfsmenn

Stjórn

Stjórn lífeyrissjóðsins er skipuð fimm aðalmönnum og þremur til vara. Tvö ár í röð eru tveir aðalmenn í kjöri á aðalfundi og einn varamaður en þriðja hvert ár er einn aðalmaður í kjöri og einn til vara. Á síðasta aðalfundi var Þórir Guðmundsson endurkjörinn í stjórn sjóðsins. Hulda Guðmundsdóttir var kjörin í varastjórn í stað Magnúsar Bjarnasonar sem ekki gaf kost á sér til endurkjörs. Á aðalfundi í apríl 2008 hafa Birna Pála Guðmundsdóttir og Óskar Maríusson lokið kjörtímabili sínu í aðalstjórn og Lúðvík Friðriksson í varastjórn.

Í stjórn eru (kjörtímabili lýkur):

Sigurður Áss Grétarsson, formaður (2009)

Björn Z. Ásgrímsson, varaformaður (2009)

Þórir Guðmundsson (2010)

Birna Pála Kristinsdóttir (2008)

Óskar Maríusson (2008)

Varamenn:

Hulda Guðmundsdóttir (2010)

Kristján M. Ólafsson (2009)

Lúðvík Friðriksson (2008)

Stjórnin kom saman 15 sinnum frá síðasta aðalfundi, þar af voru 14 hefðbundnir stjórnarfundir og einn fjárfestingarfundur. Alls voru greiddar 3.228 þúsund krónur í stjórnarlaun á síðasta ári.



Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Frá vinstri: Þórir, Sigurður, Björn, Birna og Óskar

Starfsmenn

Alls störfuðu sex starfsmenn hjá sjóðnum í fullu starfi á árinu 2007.

Starfsmenn sjóðsins í árslok:

Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri

Erla Jóna Sigurðardóttir, iðgjaldaskráning

Guðmundur V. Friðjónsson, fjármálastjóri

Jón Tryggvi Jóhannsson, lögfræðingur

Óla Helga Sigfinnsdóttir, aðalbókari

Þórhallur S. Barðason, verðbréfaskráning

Alls voru greiddar 40.181 þúsund krónur í laun til starfsmanna á árinu.



Starfsmenn Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Efri röð frá vinstri: Þórhallur, Erla, Óla og Jón. Sitjandi frá vinstri: Stefán og Guðmundur.

Ársreikningur 2007

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði verkfræðinga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs verkfræðinga fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

